MENNTASTEFNA
REYKJAVÍKURBORGAR
TIL 2030

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Waldorfleikskólinn Sólstafir

2020 – 2021

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans: .....Bls. 1

1 Greinargerð leikskólastjóra.....Bls. 3

2 Innra mat deildar .....Bls. 5

3 Ytra mat Bls.18

4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....Bls.19

5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva Bls.20

6 Foreldrasamvinna.....Bls.21

7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal .....

8 Fylgigögn.....

8.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs .....

1 Leiðarljós leikskólans



Waldorfleikskólinn Sólstafir starfar eftir uppeldis- og kennslufræðum Rudolfs Steiners, sem Waldorf-fræðin eru byggð á. Allt skólastarfið einkennist af sterkum hrynjanda sem fylgir árstíðahringnum okkar (sjá mynd hér að ofan). Segja má að árstíðarhringurinn sé okkar eiginlega skólanámskrá, þó svo að við störfum að sjálfsögðu eftir formlegri námskrá.

Hátíðir spila stóran þátt í starfinu hjáokkur. Hver árstíð hverfist um ákveðna hátíð, verk, sögur og söngva. Hver vikudagur hefur ákveðin verk og hádegismat. Það er gott að starfa eftir þessum sterka hrynjanda, endurtekningin veitir börnunum öryggi og þau vita alltaf hvernig dagurinn er uppbyggður.

Grunnþættir Waldorf-uppeldisstefnunnar eru: Sterkur hrynjandi, frjáls leikur, virkjun ímyndunaraflsins, sköpun og gott fordæmi fullorðinna.

Unnið er með náttúrulegan opinn efnivið í því skyni að virkja sköpunarkraft barnanna í leik og starfi. Í leikskólanum er komið fram við barnið af virðingu og lagður grunnur að góðri félagsfærni. Skapaðar eru aðstæður til þess að barnið fái að vaxa og það geti notið sín í leik og starfi í hlýju og kærleiksríku umhverfi. Við lítum svo á að foreldrar séu mikilvægur þáttur í góðu og farsælu leikskólastarfi og leggjum rækt við það.

Steiner sagði m.a. að leikskólar ættu ekki að vera kennarastýrðir og því ætti ekki að hefja formlega kennslu heldur efla börnin í leik og að kenna þeim í gegnum leik. Hann lagði áherslu á að kennarar segðu sögur, færu í leiki og segðu börnunum gátur. Á þessum áherslum byggjum við m.a. starfið hjá okkur.

Tilgangi og markmiði Waldorf leikskólans má lýsa á eftirfarandi hátt:

1. Að veita nemendum góða alhliða menntun.
2. Að hlúa að heilbrigðum þroska nemenda.
3. Að gera hverjum og einum kleift að finna og nýta hæfileika sína.
4. Að hjálpa nemendum að þróa þá færni sem þeir þurfa til að leggja sitt af mörkum til samfélagsins.
5. Að gefa foreldrum val um uppeldisstefnu í samhljómi við lífssýn þeirra

2 Greinargerð leikskólastjóra

Waldorf leikskólinn Sólstafir var í nokkuð sérkennilegri stöðu þetta skólaár, það var ekki aðeins COVID-19 og óveður sem litaði starf okkar, heldur sameinging leikskólanna okkar. Það var stórt og nokkuð krefjandi verkefni. Þann 14. desember síðastliðinn voru leikskólarnir tveir sameinaðir og flutti þá Marargötu einingin í Sóltúnið.

Í nokkuð mörg ár hafði staðið til að sameina Waldorf leikskólann Sólstafi/Höfn sem hafði starfsemi á Marargötu 6, og Waldorf leikskólann Sólstafi í Sóltúni undir sama þak í Sóltúni 6, 105 Reykjavík. Verið var að byggja glæsilega skólabyggingu í Sóltúni, fyrir Waldorf grunnskóla Sólstafa. Þegar sú bygging yrði tekin í notkun, gæti loks orðið að sameiningu leikskólanna. Yngstu bekkir Sólstafa/grunnskólans voru með skólastofur í leikskólabyggingunni.

Í upphafi árs 2019 voru flutningarnir kynntir fyrir foreldrum og starfsfólki leikskólanna. Stefnt var að flutningum í október – nóvember 2019. Við þær fréttir kom hreyfing á Marargötu barnahópinn og hættu þar nokkur börn. Auk þess höfðu nokkrir foreldrar í Sóltúni áhyggjur af þessari breytingu.

Til að gera sameininguna sem auðveldasta fyrir alla var undirbúningshópur að störfum í nokkra mánuði sem hittist einu sinni í viku. Í hópnum voru fjórir deildastjórar, tveir af hvorum leikskóla ásamt stjórn leikskólans. Auk þess var leikskólinn á Marargötu ekki fylltur.

Allt þurfti að ganga upp til að áætlunin gengi eftir. Afhending grunnskólans dróst og þar af leiðandi flutningur Marargötu einingarinnar í Sóltúnið.

Í gegnum allt ferlið var bæði starfsfólki og foreldrum haldið upplýstum um gang mála.

Í lok nóvember fluttu nemendur grunnskólans yfir í nýju skólabygginguna. Gera þurfti ýmsar breytingar á leikskólahúsnæðinu áður en að flutningunum gæti orðið. Stóri dagurinn rann upp föstudaginn 14. desember, viku fyrir jólafrí. Starfsfólkið á Marargötu vann þrekvirki. Allir lögðust á eitt. Búslóðin var borin út af Marargötu og raðað inn á deildir í Sóltúni. Á mánudagsmorgni tóku fallegar deildir á móti spenntum börnunum.

Ákveðið var að láta leikskólana renna ljúflega saman. Sjö elstu börnin á yngstu deildinni í Sóltúni færðust upp um deild og fóru á systkinadeildina. Börnin af yngstu deildinni á Marargötu sameinuðust yngstu Sóltúns börnunum. Elstu og næst elstu börnin af Marargötu voru áfram á sinni deild í nýju húsnæði en með sama starfsfólki.

Misjafnt er hvernig flutningarnir lögðust í starfsmenn. Flestir voru spenntir að fá nýtt og hagkvæmara hús með stórum garði en aðrir voru uggandi. Starfsfólk var meðvitað um að flutningarnir gætu tekið á en flestir hugsuðu lausnarmiðað. Áður en að sameiningunni varð voru einingarnar litlar. Starfsfólk Marargötu hafði gert ýmsa samninga s.s. að taka matarhlé í lok dags. Þetta var erfitt í framkvæmd þegar að sameiningunni varð. Fella þurfti þessa samninga úr gildi og voru ekki allir sáttir við það. Þrír starfsmenn af Marargötu hafa látið af störfum hjá okkur eftir sameininguna.

Eftir sameininguna er ýmislegt sem við höfum þurft að takast á við. Í byrjun vorum við með fjórar deildir. Ein með sextán yngstu börnin átján mánaða til tæplega þriggja ára, ein stór systkinadeild, með tæplega 30 börn. Marargötu eining með sextán börn á aldrinum þriggja til tæplega fjögura ára og Marargötu eining með sjáutján börn á aldrinum fjögura til tæplega sex ára. Starfið á systkinadeildinni var mjög krefjandi. Erfitt var að halda utanum svo stóran hóp,

Tækifæri til umbóta á Bjartalandi	**Aðgerðir til umbóta**	**Ábyrgð**	**Hefst**	**Lokið**	**Hvernig metið**	**Viðmið um árangur**
Skipuleggja tíma starfmanna utan deildar vel t.d. undir— búningstíma. Bæði tímalega og verklega	Með því að tíma-setja okkur vel og fá inn afleys-ingar þegar þess er þörf. Skipta verkefnum vel á milli og vera með skýra sýn á hver er með umsjón með hverju.	Deildar-stjóri deilir verkefnum, svo ber hver starfs-maður ábyrgð á sínu verkefni.	Skólaár 2020	´21	Með viðhorfs-könnun starfs-manna og foreldra. Mælum ánægjur starfs-manna og foreldra/ Barna	Innra starf verði mun skipu-lagðra með góðum undir-búningi.
Fara í lagfæringu á leik--föngum	Flokka og taka frá gömul leikföng, lagfæra það sem hægt er. t.d. fylla nýja ull í dúkur og pússa trél eikföng.	Allir starfs-menn	Skólaár ´20	´21		Leikur barn-anna auðgist með fallegum leik-föngum.

Innra Mat Stjörnuloft

Nú Stjörnu og Mánaloft

Stjörnuloft fór í gegnum miklar breytingar frá desemeber 2019 til júni 2020 vegna sameiningu leikskólanna.

Fyrir sameininguna var rými sem áður voru tvær skólastofur og hýsti grunnskólann, breytt í eitt stórt rými. Veggur var tekinn niður og úr varð eitt stórt deildarrými. Deildin var hugsuð sem systkinadeild fyrir börn á aldrinum þriggja til fimm ára.

Átta elstu börnin af yngstu deildinn í Sóltúni fóru yfir á systkinadeildira og voru þá 29 börn og fimm starfsmenn á deildinni.

Fljótlega kom í ljós að það voru mistök að fjarlægja vegginn. Erfitt var að halda utan um hópinn í svo stóru rými og hrynjandinn fór úr skorðum.

Síðastliðinn vetur átti deildin í mikilli samvinnu við þjónustumiðstöð. Útbúa þurfti einstaklingsnámskrár fyrir tvö börn, með aðstoð sjálfræðings og

heðungarráðgjafa, auk mikillar foreldrasamvinnu. Þessi vinna var mjög mikilvæg en tók töluverðan tíma.

Kennarar fundu mjög sterkt fyrir því í samkomubanninu að það þyrftu að eiga sér stað miklar breytingar á deildinni. Skipta þyrfti rýminu í tvennt (tvær deildir) og aldurskipta í hópnum.

Farið var í að smíða skilrúm og skipuleggja starfið upp á nýtt. Börnunum var aldursskipt í tvo hópa og tveir reyndir waldorfkennarar tóku að sér deildarstjórn á deildunum ásamt fjórum starfsmönnum. Foreldrum var sent kynningarbréf um hvað stæði til og á hvorri deildinni barnið þeirra yrði eftir samkomubannið.

Hóparnir fengu nöfnin Stjörnuloft og Mánaloft með fimmtán börn í hvorum hóp.

Þessar breytingar voru mjög jákvæðar og höfðu góð áhrif á hópana. Bæði starfsfólki og börnum leið betur og ró færðist yfir deildirnar.

Auðelt er að taka niður skilrúmið á hátíðum og stórum fundum.

Á þessum tíma hættu tveir starfsmenn og tveir nýir hófu störf.

Á Stjörnulofti eru fjórtán börn, fædd 2016 – 2018 en þau munu verða sautján í október. Fjórir starfsmenn eru á deildinni, þrír í 100% starfi og einn í 60% starfi. Starfsmaðurinn sem er í 60% starfi er hugsaður sem aðstoð fyrir Stjörnuloft og Fiðrildadeild ef á þarf að halda.

Á Stjörnuloffti er unnið mikið með söng. Einn starfsmaður er tónlistamaður og spilar gjarnan á Ukulele.

Tveir starfsmenn eru tvítyngdir. Annar talar spænsku og hinn dönsku,. Á deildinni eru nokkur tvítyngd börn og er því lögð sérstök áhersla á fjölmenningu í starfinu t.d. með því að syngja söngva á þeim tungumálum sem börnin tala og starfsmenn koma frá.

Ásamt ríkulegu tónlista- og tungumála námi er lagður mikill metnaður við Waldorf-hugmyndafræðina og fræða starfsfólk um stefnuna.

Deildin starfar mikið með Fiðrildadeild.

Tækifæri til umbóta	**Aðgerðir til umbóta**	**Ábyrgð**	**Hefst**	**Lokið**	**Hvernig metið/aðferðir**	**Viðmið um árangur**
Vikulegt fréttabréf	Skrifa tölvupóst til foreldra um líðandi viku og komandi viðburði á föstudögum/ fimmtudögum	Tinna	Sept 2020	Halda áfram allan veturinn	Taka ljósmyndir yfir vikuna sem lýsa hvað gert var, Tinna rifjar upp og skrifar póst.	Póstur sendur vikulega, minnst aðra hverja viku
Taka myndir reglulega og deila með foreldrum	1-2 starfsmenn sjá um að taka reglulega myndir og deila á foreldra grúbbu og með fréttabréfi	Emil og Tinna	Sept 2020	Halda áfram allan veturinn	Tinna og Emil hafa símann hjá sér til að taka myndir reglulega. Emil tekur stundum með sér stóru myndavélina sína þegar við gerum eitthvað sérstakt, með leyfi Emils.	Foreldrar fá að sjá myndir frá starfinu í hverri viku ýmist í gegnum lokaðan FB hóp eða í Fréttabréfi
Aukið	Börnin fá að spila	María	Sept	Haldið	Gefa meira rými	Árángri náð ef

tónlistarstarf	á hljóðfæri og sungið mikið með börnunum og í kringum börnin	og Tinna	2020	áfram allan veturinn	yfir daginn til að vinna með tónlist. Nýta tíma eins og útiveru og frjálsa leikinn að leyfa börnunum að spila á hljóðfæri og búa til hljóðfæri sjálf t.d. hrisstur	tónlistar stund bætist inn í hrynjanda vikunnar
Árstíðar- bundnar skreytingar inná deild	Starfsfólk og börn vinna saman að því að safna efnivið frá náttúrunni sem tengjast árstíðinni og föndra og leika með	Emil og Sandra	Sept / Okt	Halda áfram allan veturinn	Árstíðin ofarlega í hugum barnanna, deildin smám saman minnir á árstíðina úti við	Árstíðin ofarlega í hugum barnanna, deildin smám saman minnir á árstíðina úti við
Minnka símanotkun starfsmanna á vinnutíma	Símar geymdir í vasa á yfirhöfnum starfsmanna en sími deildastjóra er inná deild til að taka á móti skilaboðum frá foreldrum.	Tinna	Sept 2020	Alltaf	Starfsfólk fer ekki í símann á vinnutíma nema í undantekningar tilfellum og fara þá afsíðis. Símar einungis notaðir til að taka myndir á útisvæði eða líta á klukku.	Deildin svo gott sem símalaus, sérstaklega fyrir augum barnanna og foreldra.
Auka fjölmenninga – umfjöllun innan deildarinnr	Bæta inn söngvum á tungumálum fjöltyngdu barnanna	Sandra	Okt. 2020	Halda utan um fjölmennn gar		Börnin finna að þeirra uppruni er merkilegur og spennandi.

	Fá sögur/söngva frá foreldrum fjöltyngdu barnanna sem hægt er að nota í sögustund/ morgunring /útiveru. Læra að segja t.d. takk á þeirra tungumáli			möppu sem við söfnum í sögur og söngva frá öðrum löndum.		Íslensku börnin læra orð og söngva á öðrum tungumálum

Innra mat Fiðrilda deild

Á Fiðrildadeild starfa þrír starfsmenn í 100% starfi. Pláss er fyrir sextán börn. Börnin okkar eru fædd 2016 og eru barnagildi hjá okkur sextán. Við erum við hliðina á Stjörnulofti og er mikið samstarf á milli okkar. Við erum við sama inngang og erum í raun og veru eitt hólf. Á Fiðrildadeild er sterkur hrynjandi og viljum við hafa gott skipulag og ró í daglega starfinu. Í námskránni okkar er nátturunni fléttað inn í starfið í gegnum sögur, söngva og föndur.

Waldorfstefnan er okkar leiðarljós og viljum við eftir bestu getu uppfylla uppeldistefnuna sem foreldrar eru að sækjast eftir.

Við erum mikið úti og vikulega förum við í vettvangsferðir út í náttúruna og menningatengda viðburði eins og t.d. söfn.



Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið	Viðmið um árangur
Lifandi matjurtargarður	Taka upp grænmeti á haustin, rækta fræ íá vorin, setja niður plöntur í byrjun sumars. Uppskera um haustið.	Marteinn	Ágúst 2020	Haust 2020	Taka ljósmyndir og setja það á foreldrasiu, börnin taka þátt í hringrás nátt-úrunnar	Uppskera Haust 2020.
Endurskipulag útisvæði	Hafa reglulega vinnudagaa fyrir foreldra og starfsmannahópinn sem ber ábyrgð á útisvæði	Juan	Ágúst 2020		Bjóða foreldra á vinnudaga, auglýsa fyrir efnivið, leita eftir rennibraut hjá Reykjavikurborg	Að börnin fá fleiri tækifæri til þess að æafa sig, minna rót og eiðarleysi á útisvæði
Fræðslu fyrir foreldrar og starfsfólk í Waldorfsuppeldisfræði	Skrifa greinar og halda fyryrilestra. Bjóða á endurmenntun fyrir starfsfólk.	Marteinn	Ág.t ´20	Ágúst 2021	Meira áhuga á Waldorfuppeldisfræði, gefa hugmyndir. Foreldra sem eru meira upplýst.	Þáttaka foreldra á fyrirlestrum og feedback frá fólki, könnun
Gæðasögustundir	Safna saman greinum og sögur	Juan/Janis	Sept. 2020	Júní 2021	Börnin eru einbeittari og sögustundir faglegri	Meiri innblástur fyrir frjálsan leik og málörvun
Minnka símanotkun starfsmanna á vinnutíma	Símar geymdir í vasa á yfirhöfnum starfsmanna en sími deildastjóra er inná deild til að taka á móti	Marteinn	Sept 2020	Alltaf	Starfsfólk fer ekki í símann á vinnutíma nema í undantekningar	Deildin svo gott sem símalaus, sérstaklega

	skilaboðum frá foreldrum. Í lagi að taka myndir með símum.				tilfellum og fara þá afsíðis. Símar einungis notaðir til að taka myndir á útisvæði eða líta á klukku.	fyrir augum barnanna og foreldra.
Vettvangsferðir	Á miðvikudögum förum við í ferð. þrisvar á mánuð að labba út i náttura og einu sinni á mennigarlega atburð eins og t.d. safn	Marteinn	Ágúst 2020	Júni 2021	Ljósmyndir, kenna börnin að vera örrug í strætó.	Börnin læra fjölbreytni og tengjast náttúran betur
Viðhald deildar	Skipuleggja og fegra deildina meira. T.d. segja hillur fyrir myndabox og hillur fyrir vatnslitun.	Marteinn, Juan og Jani	Ágúst 2020	Desembe r 2020	Engin merki um gömlu skólastofuna	Snyrtilegt umhverfi of betri líðan barna og starfsfólks

Innra Mat Regnbogadeild

Á Regnbogedeildinni eru börnin fædd 2015. Á deildinni starfa þrír til fimm kennarar. Einn kennri er í viðbótarnámi og vinnur hlutastarf.

Þetta er fyrsta árið sem aðeins elstu börnin eru saman í hóp. Það veitir okkur tækifærir til að vinna fjölbreytt og krefjandi verkefni og auka samstarfið við fyrsta bekkinn í grunnskólanum.

Hópurinn er kraftmikill og öll börnin með frjótt imyndarafl, sem gefur okkur mikla möguleika á að leggja inn kennslu í gegnum sögur.

Við viljum auka félagstengls milli barna og leyfa þeim að upplifa náttúru og menningu. Hluti af því er að fara í vikulegar vettvangsferðir með börnunum, skoða nærumhverfið, upplifa skóginn í Öskjuhlíðinni og heimsóknir á söfn og sýningar.

Unnið er með margvísleg fræðandi og skemmtileg verkefni. Börnin læra og upplifa margt í vikulegum heimsóknum í skóginn t.d. um dýra- og plöntulífið. Hvernig það breytist eftir árstíðum. Þau æfa sig í að tálga, klifra í trjám og leika sér frjáls í skóginum.

Í hópnum okkar eru sex tvítyngd börn og þrjú börn sem eiga erlenda foreldra sem tala ekki íslensku heima hjá sér. Þess vegna leggjum við mikila áherslu á góða íslensku. Það gerum við í gegnum sögur, leiki og söng. Við notum “tákn með tali inni á deild hjá okkur.

Einnig er unnið með fjölmenningu út frá barnahópnum. Við skoðum uppruna barnanna hjá okkur og lærum um löndin þeirra, söngva, þjóðsögur og fána hverrar þjóðar.

Við kennum börnunum að syngja afmælissöngin á mörgum tungumálum. Við notum orðin takk, góðan daginn og hættu meðal annars í dagsdagu starfi á islensku, pólsku, þýsku og sænsku.

UMBÓTA-þáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferrði	Viðmið um árangur
Kennslu um menningu		Fara á mismundi söfn, leik- og listsýningar	Magnea	1.8.20	30.06	Á starfsmanna-fundum	
Talþjálfun tvítyngdra barna	Örva málþroska og orðaforða tvítyngdra barna.	Hver starfsmaður gefur hverju barni 10 mínútur á dag þar sem hann einblínir á íslenskuna, sama hvort það er í gegnum leik, lestur, sögu eða í gegnum önnur verkefni.	Allt starfsfólk á deildinni. Með því að hver starfsmaður sinnir þessum 10 mínútum með barninu mun barnið fá 40 mínútna sérstaka örvun á hverjum degi	1.10.	14.10	Plagg verður sýnilegt á deildinni þar sem hver starfsmaður merkir við eftir 10 mínútur með hverju barni. Þannig verður metið hvernig til tókst af starfsmönnun að fylgja plani.	Fylgst verður með börnunum fyrir og eftir og mun starfsfólk deildarinnar endurmeta hvort tilefni er á að halda áfram eftir vikurnar tvær.
Talþjálfun barna af öðrum uppruna	Markmið er að kenna erlendu börnunum íslensku á sem áreynslu-lausastan og skemmtilegasta máta í gegnum leik, söng og tákn með tali.	Við notum söng og sögur þar sem ákveðin hugtök og orð eru sérstaklega skoðuð. Ásamt að halda áfram þeirri vinnu viljum við innleiða tákn með tali	Gígja mun leiða verkefnið og mun þjálfa og kenna okkur hinum einnig að nota tákn með tali með börnunum	5.10	30.06	Við munum bæta við tákn með tali í samverustundum okkar, þegar við syngjum, við matarborðið, í daglegum venjum og við leik.	Þátttöku barnana
Fjölmenning	Kynna ólíka menningarheima fyrir börnunum	Skoðum uppruna barnanna hjá okkur. Og lærum um löndin þeirra.	Magnea og Kerstin M.	Jan 2021	Júní 2021	Sjá fyrir ofan	

Undirbúningur fyrir grunnskóla	Vekja upp forvitni og tilhlökkun fyrir komandi grunnskólagöngu	Samstarf með 1. bekkinn úr grunnskólanum, stofna skólahóp og gera æfingar	Kerstin og Magnea	Jan 2021	Júní 2021	Börnunum verður skipt upp í 2 hópa þar sem hver hópur hittist 1 x í viku til að vinna að ýmsum verkefnum. T.d. skrifa nöfnin sín og teikna sjálfsmynd.	Börnin búa til möppur

3 Ytra mat

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun,rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.

Lýðræðisleg vinnubrögð eru í forgrunni við innra mat á leikskólanum eins og kemur fram í aðalnámskrá leikskólans. Við tökum tillit til sjónarmiða allra þeirra sem að starfinu koma; leikskólakennara og annars starfsfólks, foreldra og barna.

Samráðsfundir deildarstjóra eru haldnir vikulega. Á þeim eru teknar ákvarðanir um sameiginleg mál og farið yfir það sem er á döfinni.
Eins og fram hefur komið eru ekki haldnir starfsmannafundir en verið er að finna lausn á hvernig hægt er að leysa það mál. Á móti kemur að sendar eru út starfsmannafréttir reglulega.

Stjórn leikskólans fundar með stjórn skólans vikulega. Farið er yfir þau mál sem liggja fyrir og eru atburðir og starfshættir endurmetnir.
Þeir aðilar sem einnig taka þátt í ytra matinu eru:

- Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkurborgar gerði úttekt án athugasemda.
- Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins gerði úttekt án athugasemda.

Foreldrafundir og foreldraviðtöl eru þrisvar á ári, foreldrar og kennarar geta svo óskað eftir viðtölum hvenær sem er.

6. Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfmannaviðtöl fóru fram í vor. Viðtölin voru þannig uppsett að starfsfólk fékk spurningarblað afhent fyrirfram, þar sem það var beðið um að fara yfir spurningar sem tengdust starfi og samskiptum. Starfsfólk fær því tækifæri til að skoða sjálfan sig, væntingar sínar, samskipti innan deildar og í leikskólanum sem heild. Hver og einn starfsmaður fékk ákveðinn tíma og var gefinn klukkustund í hvert viðtal.

Helstu áherslur sem komu fram í samtölunum voru:

Starfsfólk var almennt ánægt í vinnu og fann fyrir góðum starfsanda í leikskólanum sem og stuðningi og virðingu frá samstarfsfólki.

Flestir nefndu að þeir fyndu fyrir álagi og nokkrir nefndu að sumir starfsmenn væru of stjórnsamir og hefðu neikvæð áhrif á aðra starfsmenn.

Einnig kom fram að skipulag og samstarf á milli leik- og grunnskólans væri erfitt

og mætti betur fara. Margt væri óljóst og sameiginlegar hátíðir ekki skipulagðar í tíma.

Flestir nefndu að það væri óskýrt til hvers á að leita innan skólans varðandi ýmis starfsmannamál.

4 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarf er á milli Waldorf leik- og grunnskólans bæði meðal kennara, foreldra og barna.

Elstu nemendur leikskólans koma í skipulagðar heimsóknir í skólann yfir veturinn og kynnast staðháttum, fá að sitja í kennslustundum og vinna verkefni með 1. bekk. Ýmsar hátíðir eru sameiginlegar. Kennarar sem taka við nemendum leikskólans hafa samráð við leikskólakennara um tilfærslu nemenda milli skólastiga. Það stuðlar að enn nánara samstarfi á milli skólastiga við upphaf skólagöngu.

Nemendur í 1. bekk fara með leikskólabörnum á vorin í sveita og fjöruferð og elstu börn leikskólans taka þátt í hátíðum með grunnskólanum.

Vegna COVID-19 var samvinnan takmörkuð. Sveitferðin féll niður, og öðrum sameinlegum vettvangsferðum var frestað.

Elstu börnin fóru í heimsókn í fyrsta bekk í aðalkennslustundina, í september fóru elstu börn leikskólans í Öskjuhlíðina grendarskóg skólans og tóku þátt í drekaleiknum.

> Drekaleikurinn er haldin af Waldorfskólum um víða veröld og er uppskeruhátíð. Hann tengist goðsögninni um baráttu heilags Georgs við drekann. Leikurinn fer fram í grenndarskógi skólans í Öskjuhlíð. Hver bekkur í grunnskólanum býr til húsakynni úr náttúrulegum efnivið skógarins og myndar lítið þorp. Í kringum þorpið sveima drekar sem eiga dyngju í Drekaskógi. Þeir fylgjast með þorpsbúum og geta náð þeim ef þeir eru iðjulausir og stungið þeim í dyngju sína. Hugrökku þorpsbúarnir geta hætt sér inn í Drekaskóginn og náð borðunum sem eru þeim töfrum gæddir að ef þeim tekst að henda borða inn í Drekadyngjuna, frelsast

allir og leikurinn heldur áfram. Aðrir þurfa að leysa þrautir og þannig öðlast frelsi sitt.

Grunnskólabörnin eru alla vikuna í skóginum. Þar vinna þau margskonar verkefni sem tengjast hátíðinni. Elstu börnin á leikskólanum fara í skóginn í einn dag og taka þátt í leiknum.

Dagsettning og timi	Viðburðir	Staðsetning	Ábyrgð
16 og 17. 09.	Heimsókn í lífsleikni / Mikjálsmessu	Öskjuhlíð	Magnea, Kerstin , Marteinn, Juan
Nóvember	Jólabasar	Sóltún 6	Skólan og leikskólan
Nóvember	Luktarhátið / syngja á elliheimilinu í Sóltúni	Sóltún 1	Magnea, Marteinn, Kerstin, Gisli
Febrúar	Þorrahátíð	Sóltún 6	Kerstin, Jóhan
Mars/ April	Páskaeggjaleit	Sóltún 6	Foreldrarfélag skólans og Leikskólans
Lók maí	Sumarhátið Sólstafa	Sóltún 6	Báðar leiskólar og skólinn
Febrúar	Heimsókn í Skólann	Sóltún 6	Gisli, Kerstin María
03.06.	Útskrifatarleikrit Leikskólans	Sóltún 6	Kerstin, Magnea, Gigja, Logi

5 Foreldrasamvinna

Foreldrasamstarfið mikilvægur þáttur í starfi Waldorfleikskólans. Venjan er að haldnir eru tveir foreldrafundir á ári. Á þeim er m.a. sungið, farið yfir leikskóladagskránna, veitt Waldorfræðsla og innsýn í innra starf leikskólans.

Kosnir eru fulltrúar í foreldraráðið á fyrri foreldrafundinum en á þeim seinni hafa fulltrúarnir kynnt stöðu og vinnu foreldrafélagsins og hvað er á döfinni hjá þeim.

Allir foreldrar barna í leikskólanum eru sjálfkrafa meðlimir foreldrafélagsins. En lagt er til að kjörnir verði tveir til þrír fulltrúar á fyrri foreldrafundinum. Fulltrúarnir taka ábyrgð á að skipuleggja fundi og önnur verkefni félagsins.

Virkt foreldrafélag er mikilvægur stuðningur við leikskólastarfið, meðal annars á skipulögðum viðburðum, vinnudögum og sem umræðuvettvangur fyrir skoðanaskipti.

Foreldrar hafa komið að starfi leikskólans t.d. með undirbúningi á basarvinnu að hausti og vinnudegi að sumri. Við leggjum ríka áherslu á að skapa sterk tengsl á milli leikskólans og heimilis. Það er gert t.d. með því að foreldrar fái tækifæri til þess að vera í tengslum við og taka virkan þátt í ýmsum störfum leikskólanns.

Samskipti við foreldra

Þegar sótt er um nám við skólann koma foreldrar í heimsókn og skoða leikskólann. Þeir fá upplýsingar um foreldrarsamstarf og árstíðarhrynjandann. Einnig fá foreldrar bækling sem kynnir starfsemina, uppeldisstefnuna og aðra mikilvæga þætti í skólastarfinu. Þegar umsóknaferlinu er lokið og samþykki liggur fyrir koma foreldrar
með barnið í heimsókn til að skrifa undir dvalarsamning.

Í þessu persónulega viðtali eru gefnar upplýsingar um dagsrútínu leik skólans og aðlögunartíma og öllum spurningum svarað. Viðtalið getur farið fram á íslensku, ensku eða þýsku. Við bjóðum einnig upp á túlk .

Hægt er að panta viðtalstíma hvernær sem er.
Mánaðarlega er sent út fréttabréf með upplýsingum um söngva, leik-skólastarfið, vettvangsferðir og aðrar mikilvægar upplýsingar. Hver deild er með lokaðan facebook hóp, þar sem settar eru inn myndir úr starfinu. Foreldrar hafa skirfað undir samþykki fyrir myndbirtingum

Við vinnum einstaklingsbundið með læsi, nám og almennan þroska sú vinnar er unnin í samvinnu við foreldra, Talmeinastöð Reykjavíkur og Þjónustumiðstöð. Við leggum metnað í samvinnu við foreldra sem einkennist af gagnkvæmu trausti. Foreldrar fá einstaklingsviðtöl við leiksskólakennara um stöðu og barnsins. Ef barn þarf víðtækari stuðning er það unnið í samvinnu við foreldra

þar sem við erum ráðgefandi í ferlinu. Foreldrar fá aðstoð hjá okkar að sækja um utanaðkomandi þjónustu eins og t.d. hjá talmeina- eða þjónustumiðstöðinni. Við upplýsum foreldra reglulega um stöðu barnsins.

Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2020 – 2021
Nafn leikskóla

Waldorfleikskólinn Sólstafir

Sóltúni 6, 105 Reykjavík

Umsögn foreldraráðs

Ég, undirrituð hef lesið yfir starfsáætlun komandi starfsárs fyrir Waldorsleikskólann Sólstafi í Sóltúni 6.

Síðasliðinn vetur sameinaðist leikskólinn á Marargötu leikskólanum í Sóltúni 6. Húsnæðið sem flutt var í er að mestu leyti nýtt og einstaklega vel heppnað. Á sama svæði er einnig Waldorfgrunnskólinn.
Aðlögun barnanna að nýju umhverfi hefur gengið mjög vel. Starfsfólk hefur séð til þess að gera hverja deild fyrir sig að frábæru svæði fyrir börnin.

Samstarfs starfsmanna og foreldra hefur verið með besta móti. Því miður hefur ekki náðst að halda marga viðburði þar sem foreldrar geta tekið þátt í starfi leikskólans vegna Covid-19. Hins vegar bíður slíkt betri tíma. Starfsmenn leikskólans hafa aftur á móti lagt virkilega mikla vinnu í að betrumbæta útisvæðið, setja upp fleiri leiktæki fyrir börnin, gróðri plantað og töluverð grænmetisræktun var í sumar. Skemmtilegt og fróðlegt fyrir börnin að taka þátt í slíku starfi.

Þrátt fyrir miklar breytingar og stöðugt nýjar áskoranir vegna Covid-19 þá hefur tekist vel að halda sterkum hrynjanda í starfinu, halda dagsskipulaginu, vikuáætlunum með tilheyrandi útiveru og stuttum ferðum fyrir eldri börnin og fagna árstíðunum líkt og einkennir Waldorfstefnuna.

Fyrir hönd foreldrafélagnsins

Sólveig Nielsen
020981-4749

Reykjavík 28. september 2020
sola.nielsen@gmail.com

Fylgiskjal 4

Dagskrá Sólstafa 2020 - 2021

Starfsdagur þriðjudaginn 3. ágúst 2020

Leikskólinn opnar eftir sumarfrí miðvikudaginn 4. ágúst.

September:

Berjadagur auglýstur þegar nær dregur.

Fimmtudaginn 3. september. Foreldrafundur

Þriðjudaginn 29. september. Mikjálsmessa - uppskeruhátíð á leikskólanum.

Við bökum drekabrauð, eldum drekasúpu og tökum upp grænmetið úr garðinum okkar.

Mikjálssögustund og hauststemmning.

Nokkur föndurkvöld fyrir jólamarkaðinn frá september – nóvember.

Nánar auglýst síðar

Nóvember:

Laugardaginn 7. nóvember. : Jólamarkaður og kaffisala í Waldorfskólanum

Sólstöfum, Sóltúni 6.

Miðvikudaginn 11. nóvember er Martinsmessa /Luktarganga : Leikskólinn opnar kl. 8:30.

Börn, foreldar og starfsfólk ganga syngjandi hring í hverfinu með lukt í hönd.

Foreldrum verður boðið upp á heimabakað brauð og heitan drykk sem alliir gæða sér á í leikskólagarðinum.

Martinssögustund verður hj´á börnunum eftir hádegi.

Leikskólinn lokar kl. 16.00.

Föstudaginn 27. nóvember kl. 9 :00 er aðventuhátíð í leiksólanum. Advent Festival for parents and children. Foreldrar, börn og starfsfólk eiga saman notalega stund.

Desember:

Þriðjudaginn 22. desember er jólaball fyrir börnin í leikskólanum. Börnin skreyta jólatré og syngja svo og dansa í kringum það.

Jólafrí er frá 23.12. leikskólinn hefst þriðjudaginn 5. Janúar 2021

Starfsdagar á leikskólanum í desember eru 24. desember til hádegis, 28. -30 desember,

31. desember til hádegi.

Leikskólinn hefst mánudaginn. 3. janúar 2021

Janúar

6. Elstu börnin okkar fara í heimsókn í grunnskólann.

Febrúar

6 **Fimmtudaginn** fimmtudaginn 4.febrúar er sameiginlegur foreldrafundur
7 8. - 19. febrúar. Einstaklings foreldraviðtöl
8 **Föstudaginn** 5.febrúar er Þorrahátíð á leikskólanum fyrir börnin.
Á matseðlinum eru heimabakað rúgbrauð og flatkökur, skyr og söl.
Gaman ef börnin koma klædd í sauðalitunum þennan dag.

- **Mánudaginn** 15. febrúar bolludagur

9 **Þriðjudaginn** 16.febrúar. Sprengidagur.
10 **Miðvikudaginn** 17.febrúar. Öskudagur/ „Náttfatapartý“ fyrir börnin í leikskólanum.
11 Febrúar : Opið hús - Waldorfskólinn Sólstafir, Sóltún 6

Mars - apríl

1 **Miðvikudaginn** 31.mars Páskamorgunverður fyrir foreldra og börn.
Ath. Leikskólinn lokar kl. 16 þennan dag.

2 **Páskafrí** er frá 1.- 5. apríl.
2.1 Leikskólinn opnar aftur þriðjudaginn 6.apríl.
3 **Fimtudaginn** 22.apríl. Sumardagurinn fyrsti, leikskólinn er lokaður

Maí

- Sveitaferð í Miðdal í Kjós.
Lagt af stað k.l. 9.30 í rútu. Farið verður í fjöru og síðan grillað í Miðdal.
Komið heim um kl. 14.00. Mælst er til að ferðalangarnir séu sóttir snemma.
Yngstu börnin gera sér dagamun og fara í göngutúr og undirbúa sérstakan hádegismat. (Dagsetning ákveðin síðar)

- **Laugardaginn** 8.maí. Vinnudagur frá kl. 09.00-15.00
  Foreldrar og starfsfólk huga að leikskólanum, bæði innan og utan dyra.
- **Fimmtudagurinn** 13.maí Uppstigningardagur.
    - Leikskólinn er lokaður.

- **Föstudaginn** 21.maí. Sumarhátíð Sólstafa.
  Foreldrar, börn og starfsfólk skemmta sér saman. Hestaferðir, leikir, grill ofl.

7. **Föstudaginn** 21. maí. Hvítasunnuhátíð á leikskólanum.
8. 22-24. maí. Hvitasunnan, leikskólinn er lokaður

- fimmtudaginn 17.júní. Þjóðhátíðardagur. Leikskólinn er lokaður.

Sumarfrí á leikskólanum er frá 25.júní . til 2.ágúst..

Starfsdagur er 3 .ágúst. Leikskólinn er lokaður

Leikskólinn opnar miðvikudaguinn 4. ágúst .2020

LÁTUM
DRAUMANA
RÆTAST